



| | |
|------------------------|---|
| Fyrirspurn | E 3/2023 |
| Fyrirspyrjendur | Catarina Deremar Kathrine Kleveland Kjell-Arne Ottosson Hanna Katrín Friðriksson Jouni Ovaska Michael Aastrup Jensen |
| Viðtakandi | Norræna ráðherranefndin |

E 3/2023 Skrifleg fyrirspurn um norrænar næringarráðleggingar

Til Norrænu ráðherranefndarinnar

Frá árinu 2019 hefur verið unnið að því að uppfæra norrænar næringarráðleggingar að beiðni Norrænu ráðherranefndarinnar. Álætlað er að þessari vinnu ljúki árið 2023. Ráðleggingarnar hafa mikið leiðbeinandi gildi fyrir næringarráð landanna og hafa því mikla þýðingu fyrir bæði neytendur og matvælaframleiðendur. Þar sem í þessari vinnu er nú tekið aukið mið af sjálfbærniþáttum hafa ráðleggingarnar einnig mikla þýðingu á því sviði.

Samkvæmt stofnuninni sem hefur málefnið á sinni könnu, heilbrigðisyfirvöldunum Helsedirektoratet í Noregi, á ferlið að einkennast af gagnsæi og almenningi hefur verið boðið að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Um leið er ljóst að nokkurrar óánægju gætir á meðal ýmissa fagsamtaka norrænna matvælaframleiðenda sem telja skorta á gagnsæi. Því hefur meðal annars verið haldið fram að óljóst sé hvernig sérfræðingar hafi verið valdir, hvernig hliðsjónarefni er valið og hvernig meðhöndlun umsagna og sjónarmiða sé háttað.

Þar sem fyrrnefnd fagsamtök hafa einnig gagnrýnt sumar af þeim ályktunum sem virðast hafa verið dregnar í vinnu að næringarráðleggingunum er enn mikilvægara að standa við markmiðið um opið og gagnsætt ferli. Að sama skapi er mikilvægt að meðhöndla umsagnir og sjónarmið með réttum og traustum hætti. Til þess að breið samstaða náist um ráðleggingarnar er mikilvægt að taka af allan vafa um ónákvæmni og hlutdrægni í þessari vinnu. Hingað til hefur mikið traust ríkt um norrænar næringarráðleggingar meðal stofnana, matvælaframleiðenda og neytenda. Það væri óheppilegt ef þetta traust myndi veikjast í kjölfar þeirrar yfirferðar sem nú er í gangi.



Í ljósi þessa beinum við eftirfarandi spurningum til Norrænu ráðherranefndarinnar:

Hvernig hefur ráðning alþjóðlegra sérfræðinga í ferlinu farið fram?

Hvernig verður brugðist við sjónarmiðum og umsögnum?

Hvernig hyggst ráðherranefndin tryggja breiða samstöðu um uppfærðu næringarráðleggingarnar?

Norðurlöndum, 27. mars 2023

Catarina Deremar (C)

Kathrine Kleveland (Sp)

Kjell-Arne Ottosson (KD)

Hanna Katrín Friðriksson (Vr)

Jouni Ovaska (mið)

Michael Aastrup Jensen (V)